

## REGLUGERÐ

## um snyrtivörur.

## 1. gr.

## Lögbært yfirvald.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds, sbr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, um snyrtivörur.

## 2. gr.

## Upplýsingar til eitrunarmiðstöðvar.

Eitrunarmiðstöð Landspítala háskólasjúkrahúss skal taka við upplýsingum um tilkynntar snyrtivörur í samræmi við 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

## 3. gr.

~~Merkingar.~~ Merkingar snyrtivara.

Merkingar á umbúðum snyrtivara, sbr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Viðvörunarmerkingar Notkunarskýrði og varnarorð skv. dálki i í III, V. og VI. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 skulu vera á íslensku. Þó er heimilt að viðvörunarmerkingar vegna flúorinnihalds í tannkremsi séu á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Ennfremur er heimilt að viðvörunarmerkingar vegna snyrtivara séu á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku ef merkingin er eingöngu ætluð til að taka fram að snyrtivaran innihaldi tiltekið innihaldsefni.

## 3. gr. a.

## Merkingar úðabrúsa sem innihalda snyrtivörur.

Merkingar á úðabrúsum sem innihalda snyrtivörur skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Merkingar skulu vera áletraðar á úðabrúsa þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

## a.

## Allar tegundir innihalds:

Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

## b.

## Úðabrúsi með eldfimum efnum, 1. undirflokkur:

Úðabrúsi með afar eldfimum efnum. Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.

Hættumerkið GHS02 eins og það kemur fyrir í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014.

## c.

Úðabrúsi með eldfimum efnum, 2. undirflokkur:

Úðabrúsi með eldfimum efnum. Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.

Hættumerkið GHS02 eins og það kemur fyrir í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014.

Um úðabrúsa gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 260/2012 um úðabrúsa.

#### 4. gr.

##### Framleiðsla.

Fyrirtæki sem framleiðir snyrtivörur skal hafa starfsleyfi í gildi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### 5. gr.

##### Eftirlit.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla efnalaga nr. 61/2013. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. ~~og 21. tölul. 5. gr. og 2. tölul~~ mgr. 6. gr. efnalaga.

#### 6. gr.

##### Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt XIII. og XIV. kafla efnalaga nr. 61/2013.

#### 7. gr.

~~Innleiðing~~ Gildistaka ~~EES-gerða~~ tiltekinna gerða Evrópubandalagsins.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins sem vísað er til í XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a. Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins frá 30. nóvember 2009 nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið ~~1a~~, XVI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2013, þann 5. apríl 2013 öðlast gildi hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 28. mars 2013, bls. 524-674.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 344/2013 frá 4. apríl 2013 um breytingu á viðaukum II, III, V og VI við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til ~~674~~ í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2013, þann 8. nóvember 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 64 frá 14. nóvember 2013, bls. 271-329.
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 483/2013 frá 24. maí 2013 um breytingu á viðauka III við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun

- sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2013, þann 8. nóvember 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 64 frá 14. nóvember 2013, bls. 330-332.
- g. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 2013 um viðmiðunarreglur um I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (2013/674/ESB), sem vísað er til í tölulið 1aa, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2014, þann 4. apríl 2014 öðlast gildi hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 10. apríl 2014, bls. 959-982.
- h. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2013 frá 25. nóvember 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2014, þann 4. apríl 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 23 frá 10. apríl 2014, bls. 347-406.
- i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 655/2013 frá 10. júlí 2013 um sameiginlegar viðmiðanir um rökstuðning fyrir fullyrðingum sem eru notaðar í tengslum við snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1b. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2014, þann 27. júní 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 465-468.
- j. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 658/2013 frá 10. júlí 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2014, þann 27. júní 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 449-464.
- k. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 358/2014 frá 9. apríl 2014 um breytingu á II. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2014, þann 25. september 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 64 frá 30. október 2014, bls. 299-303.
- l. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 866/2014 frá 8. ágúst 2014 um breytingu á III., V. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2015, þann 25. febrúar 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 19. mars 2015, 2015/EES/16/46, bls. 874-878.
- m. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2014 frá 18. september 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2015, þann 25. febrúar 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 19. mars 2015, 2015/EES/16/47, bls. 879-882.
- n. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1004/2014 frá 18. september 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2015, þann 25. febrúar 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 19. mars 2015, 2015/EES/16/48, bls. 883-886.

- x. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1190 frá 20. júlí 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2015, þann 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 480-486.
- y. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1298 frá 28. júlí 2015 um breytingu á II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í 1a. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2015, þann 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 487-488.

## 8. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. tölul. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast gildi 11. júlí 2013. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.

~~- Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. júní 2013. -~~

~~- Sigurður Ingi Jóhannsson -~~

~~- Sigríður Auður Arnardóttir. -~~

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.